



# Fréttabréf

## Desember 2005

### Verkalýðsfélags Akraness

Netföng: skrifstofa@vlfa.is og vlfa@vlfa.is • Heimasíða: www.vlfa.is

## Ógnun við íslenskan vinnumarkað

Á undanförunum mánuðum hefur Verkalýðsfélag Akraness þurft að hafa afskipti af málum erlendra verkamanna sem starfa hér á vegum starfsmannaleiga eða atvinnurekenda. Í þeim málum sem upp hafa komið hafa grunsemdir um að verið sé að greiða laun langt undir gildandi kjarasamningum verið staðfestar. Með afskiptum sínum hefur félagið náð fram leiðréttingum á kjörum erlendra starfsmanna í samræmi við íslenska kjarasamninga og réttindi launþega eins og lesa má nánar um á vef félagsins [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is). Verkalýðsfélag Akraness hefur m.a. undir höndum gögn sem sýna að erlendum starfsmanni vantar rétt tæpar 300 þúsund krónur uppá laun sín í einum mánuði en það mál er enn til rannsóknar hjá lögreglu.

Mörg svipuð mál hafa komið upp víða um land og hefur verkalýðshreyfingin hvarvetna fordæmt ólögmdæta ráðningasamninga og brot á réttindum verkafólks. Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness segir þessa þróun í starfsmannamálum fyrirtækja

hér á landi ógnun við íslenskan vinnumarkað og fagnar nýsettum lögum um starfsmannaleigur.

„Félagið gerði að vísu athugasemdir þegar leitað var eftir umsögn þess og vildi ganga lengra í að tryggja réttindi erlendra verkamanna en við horfum til þess að lögin verða endurskoðuð að tveimur árum liðnum.“

### Ný lög um starfsmannaleigur

Árni Magnússon félagsmálaráðherra fylgdi nýjum lögum úr hlaði og hafði m.a. þetta um þau að segja:

„Eftirlit stjórnvalda með því að þessum lögum sé framfylgt er þrjúþætt. Vinnulayfirvöld veita atvinnuleyfi og hafa eftirlit með aðbúnaði á vinnustöðum, lögreglufyrvöldum ber að hafa eftirlit með því að útlendingar, sem hér starfa, hafi skilríki sem heimili þeim að starfa hér á landi. Skattýfirvöldum ber að tryggja að skattskil vegna erlendra starfsmanna og starfsemi starfsmannaleigna séu

með þeim hætti sem lög mæla fyrir um. Ég tel mikilvægt að samstillta aðgerðir lögreglu, skattayfirvalda og vinnulayfirvalda betur þannig að þær verði virkari en verið hefur.“

### Samráðsverkefni

Að frumkvæði Guðmundar Páls Jónssonar bæjarstjóra á Akranesi hafa bæjaryfirvöld fundað með formanni VLFA, sýslumanninum á Akranesi og skattstjóra Vesturlands þar sem farið hefur verið yfir málefni erlends verkafólks á svæði félagsins. Guðmundur Páll sagði í viðtali við Fréttabréf VLFA að ef einstök fyrirtæki kæmst upp með að brjóta lög og reglur græfi það undan þeim fyrirtækjum hér um slóðir sem standa löglega að hlutum.

Vilhjálmur Birgisson segir þetta samráðsverkefni vera til mikillar fyrirmyndar og sýni í verki að bæjaryfirvöld vilja taka á þeim vandamálum sem fylgt hafa komu erlends verkafólks til starfa hér á Akranesi.

Gleðileg jóla



Verkalýðsfélag  
Akraness  
óskar öllum  
félagsmönnum og  
öðrum bæjarbúum  
gleðilegra jóla  
og farsældar á  
nýju ári





[www.rettindi.is](http://www.rettindi.is)

www.rettindi.is er vefur um réttindi ungs fólks á vinnumarkaði þar sem er að finna gagnlegar upplýsingar.

## Launaseðlar

Öllum launagreiðslum skal fylgja launaseðill. Við hvetjum þig til að skoða hann vel og ef þú telur að launaseðill þinn sé ekki réttur eða þú skilur hann ekki, hafðu þá samband við trúnaðarmann eða stéttarfélag.

Þetta á að koma fram á launaseðli:

- Nafn launamanns og kennitala
- Nafn launagreiðanda og kennitala
- Launatímabil
- Taxti (dagvinna, yfirvinna, bónus)
- Fjöldi vinnustunda
- Orlof
- Lífeyrissjóður
- Viðbótarlífeyrissjóður
- Opinber gjöld
- Persónuafsláttur
- Félagsgjöld
- Samtals laun
- Samtals frádráttur
- Útborguð laun

Geymdu launaseðilinn!

## Jafnaðarkaup

„Jafnaðarkaup“ er ekki til í kjarasamningum. Dæmi eru um að atvinnurekandi hafi samið við starfsmenn um greiðslu jafnaðarkaups. Ef þér er sagt að það sé viðhöfð venja hjá fyrirtækinu að greiða fólki jafnaðarkaup þá skalt þú fá forsendur útreikninga og kanna þá vel. Reynsla okkar hjá verkalýðshreyfingunni er sú að forsendur útreikninga eru oft rangar. Þannig er það vel þekkt að ungt fólk er boðið jafnaðarkaup og síðan vinnur viðkomandi einungis um kvöld og helgar. Þá tapar launamaður á jafnaðarkaupi.

# Ágætu félagsmenn

Það er með miklum ólíkindum svo ekki sé meira sagt hvernig einstaka atvinnurekandur misbjóða erlendu verkafólki sem koma hingað til lands til starfa í von um að sjá sér og fjölskyldum sínum farborða. Þessir atvinnurekandur víla ekki fyrir sér að brjóta kjarasamninga, lög og starfstengd réttindi sem erlendir starfsmenn eiga til jafns við Íslendinga samkvæmt íslenskum lögum og íslenskum kjarasamningum. Verkalýðsfélag Akraness hefur haldið uppi ströngu eftirliti með þeim fyrirtækjum sem hafa erlenda starfsmenn í sinni þjónustu. Eftirlitið byggist á því að kalla eftir ráðningasamningum, launaseðlum, tímaskriftum, atvinnuleyfum og öðrum gögnum til að geta gengið út skugga um að ekki sé verið að brjóta á réttindum erlendra starfsmannanna.

Stéttarfélagið hefur skoðað tólf fyrirtæki með þessum hætti. Helmingur þeirra eru með hlutina í lagi og greiðir laun eftir íslenskum kjarasamningum. Hin fyrirtækin sex eru því miður ekki að fara eftir íslenskum kjarasamningum né íslenskum lögum. Verkalýðsfélag Akraness tekur fast á þessum málum og hikar ekki við að kæra þau fyrirtæki sem brjóta á atvinnuréttindum útlendinga. Félagið hefur nú þegar kært tvö fyrirtæki til sýslumanna, en sátt náðist í báðum þeim málum og voru launkjör og réttindi erlendu starfsmannanna löguð stórlega. Eitt fyrirtæki er nú til

rannsóknar hjá lögreglunni á Akranesi og telur lögmaður Verkalýðsfélags Akraness að um brot sé að ræða á lögum nr. 54/2002 um atvinnuréttindi útlendinga. Ljóst er að félagið mun því kæra fyrirtækið um leið og rannsókn lögreglunnar lýkur.

Verkalýðsfélag Akraness hefur undir höndum gögn sem sýna að erlendum starfsmanni vantar rétt tæpar 300.000 krónur uppá laun sín í einum mánuði. Að atvinnurekandi skuli hafa samvisku til slíks er með ólíkindum. Þetta dæmi sýnir að það þarf að taka á þessum málum af fullri hörku því kjör og störf íslensks verkafólks eru í húfi.

Illa er komið fyrir íslenskum vinnumarkaði ef atvinnurekandur komast upp með að greiða erlendum starfsmönnum laun sem eru langt undir gildandi launatöxtum, greiða ekki orlofs- eða desemberuppbót, veikindarétt, uppsagnarrétt, frítökurétt ásamt ótal öðrum kjaraatriðum.

Undirboð af þessu tagi mun bitna á íslensku verkafólki ef ekkert verður að gert. Við brot á réttindum verkafólks verður ekki unað. Við munum verja þau starfskjör sem íslenskt verkafólk hefur áunnið sér á liðnum árum og áratugum.

Ég óska félögum okkar gleðilegra jóla og velfarnaðar á nýju ári.

Vilhjálmur Birgisson  
formaður Verkalýðsfélags Akraness

## AÐALFUNDUR SJÓMANNADEILDAR

Aðalfundur sjómannadeildar verður haldinn miðvikudaginn 28. desember að Kirkjubraut 40. 3 hæð kl. 14:00

**Dagskrá:**  
**Venjuleg aðalfundarstörf**  
**Önnur mál**

*Sjómenn eru  
hvattir til að mæta!*



Nr 2. 1. árgangur 16. desember 2005

Útgefandi: Verkalýðsfélag Akraness  
Sunnubraut 13 - 300 Akranes  
Sími: 430-9900 - Fax: 430-9901  
Netf.: skrifstofa@vlfa.is og vlfa@vlfa.is  
Heimasíða: www.vlfa.is  
Ábm: Vilhjálmur Birgisson  
Hönnun: Aðalsteinn S. Sigfússon  
Umsjón texta: Kristján Kristjánsson  
Umbrot: Uppheimar  
Prentun: Prentverk Akraness

[www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)

# Landsbankinn á Akranesi verður viðskiptabanki Verkalýðsfélags Akraness

Verkalýðsfélag Akraness hefur gert viðskiptasamning við Landsbankann á Akranesi til næstu þriggja ára. Samningurinn felur í sér að öll bankaviðskipti Verkalýðsfélagsins verða færð til Landsbankans.


Ákveðið var að leita tilboða í viðskipti félagsins hjá öllum bönkum á Akranesi, þar sem samningurinn við KB Banka rennur út um næstu áramót. Samningar náðust við Landsbankann sem lagði fram virkilega hagstætt tilboð og eru bæði stjórnendur Verkalýðsfélagsins og bankans mjög ánægðir með samkomulagið.

Starfsfólk Landsbankans á Akranesi mun leitast við að þjónusta Verkalýðsfélagið og félagsmenn sjálfa sem allra best, ásamt því að bjóða félagsmönnum ávallt bestu mögulegu kjör í bankaviðskipti þeirra. Landsbankinn mun hafa samband við félagsmenn á nýju ári og bjóða hverjum og einum að koma á fund hjá ráðgjafa þar sem farið verður yfir kjör, veitt ráðgjöf og svarað þeim spurningum sem kunna að brenna á vörum félagsmanna varðandi fjármál.

Starfsfólk Landsbankans á Akranesi hlakkar til að takast á við það verkefni að vera viðskiptabanki Verkalýðsfélags Akraness og vonar að samstarfið eigi eftir að vera ánægjulegt og árangursríkt.



Vilhjálmur Birgisson formaður Verkalýðsfélags Akraness og Sturlaugur Sturlaugsson útibússtjóri Landsbankans á Akranesi handsala samninginn.



## Lífeyrissjóður Vesturlands

Kirkjubraut 40, 300 Akranes

Sími 431 1577, fax 431 2841

Netfang lífvest@lífvest.is

Veffang [www.lifvest.is](http://www.lifvest.is)



*Sjóðurinn óskar öllum félögum  
sinum gleðilegra jóla og gæfuríkis  
komandi árs*

## Skerðingu mótmælt

Stjórn Verkalýðsfélags Akraness sendi í lok nóvember frá sér ályktun þar sem fyrirhugaðri skerðingu á löggæslu á Akranesi er harðlega mótmælt. Telur stjórnin varhugavert með hliðsjón af stærð bæjarfélagsins að flytja rannsókn mála í annað umdæmi og telur eðlilegra að starfsemi lögreglunnar á Akranesi verði eflað og umdæmi hennar stækkað og látið m.a. ná til Grundartanga, en mikill meiri hluti þeirra sem þar starfa búa á Akranesi. Er skorað á dómsmálaráðherra sem og þingmenn Norðurvesturkjördæmis að tryggja að fyrirhuguð skerðing á löggæslumálum Akurnesinga verði ekki að veruleika.

## Ókeypis lögfræðipjónusta

Að gefnu tilefni viljum við minna á að félagsmenn geta fengið ókeypis lögfræðiráðgjöf hjá lögmanni félagsins með því að panta sér viðtalstíma á skrifstofu félagsins í síma 430-9900.

## Fyrirtækjasamningur við Klafa og Fang

Fyrirtækjasamningur við Fang ehf. var samþykktur í lok október með öllum greiddum atkvæðum og virðist starfsmenn vera mjög ánægðir með niðurstöðuna ef marka má kosningu um samning. Á kjörskrá voru 13 og 10 starfsmenn kusu eða 77%. Já sögðu 10 starfsmenn eða 100%. Starfsmenn Klafa samþykktu einnig sinn samning með yfirgnæfandi meirihluta. Þau kjaraatriði sem náðist að tryggja í

þessum nýju fyrirtækjasamningum eru t. d. launatafla, vinnutími, bónus, orlofs- og desemberuppbætur. Heildarkostnaðaráhrif samninganna er með sambærilegum hætti og samningar Íslenska járnblendifélagsins gáfu eða um 21% á samningstímanum.

Verkalýðsfélag Akraness vill þakka trúnaðarmönnum Fangs og Klafa sem og öllum starfsmönnum fyrir aðstoðina við gerð þessa samninga.



Starfsmenn Fangs ánægðir með nýjan fyrirtækjasamning!

## Fundur um öryggismál í stóriðju

Fundur um öryggis- og heilbrigðismál í stóriðju var haldinn 14. nóvember í sal félagsins að Kirkjubraut 40. Tveir fyrirlesarar fluttu þar fróðleg erindi, þau Júlíus K Björnsson sálfræðingur og Hallveig Skúladóttir hjúkrunarfræðingur. Júlíus fjallaði um vaktavinnu, svefn og heilsu og áhrif óreglulegs vinnutíma á heilbrigði og lífsgæði. Erindi Júlíusar var afar fróðlegt og gagnlegt og vöknudú fjölmargar spurningar hjá fundarmönnum sem sálfræðingurinn svaraði greiðlega.

Hallveig Skúladóttir hjúkrunarfræðingur fór yfir gögn sem Reynir Þorsteinson læknir hefur tekið saman um heilsufar starfsfólks í stóriðju. Í samantektinni frá Reyni kom t. d. fram að meðalaldur starfsmanna hjá Íslenska járnblendifélaginu er 44 ár og meðalstarfsaldur 14 ár sem er mjög hátt. Hjá Norðurali er meðalaldur

starfsfólks 39 ár og meðalstarfsaldur 4,5 ár en Norðural hóf starfsemi árið 1998. Einnig kom fram í gögnum Reynis að reykingar starfsmanna hjá Íslenska járnblendifélaginu hefðu minkað um 20% frá árinu 1990 en þá reyktu um helmingur starfsmanna. Árið 2003 var sú tala komin niður í 30% og hefur lækkað enn meira síðan þá.

Hjá Norðurali hefur reykingarfólki fækkað verulega og nú reykja aðeins 20% starfsmanna samkvæmt gögnum Reynis Þorsteinsonar.



Ágæt mæting var á fundinn um öryggismál í stóriðju og gerður góður rómur að erindum fyrirlesaranna.

Læknar á Heilsugæslustöðinni á Akranesi hafa stýrt starfsmannaheilsuvernd hjá Íslenska járnblendifélaginu frá árinu 1981 og hjá Norðurali frá árinu 2000.

# Áunnin réttindi tengd aldri



Gylfi Jónasson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vesturlands.

Tekið hefur verið upp nýtt réttindakerfi hjá sjóðnum sem gildir frá 1. júlí 2005. Réttindaávinnsla sjóðfélaga er aldurstengd frá þeim tíma, en öll áunnin lífeyrissjóðsinn fram til 30. júní 2005 standa óbreytt og eru varðveitt samkvæmt þeim reglum sem giltu þann dag. Fram til 1. júlí var ávinnsla réttinda óháð aldri greiðenda, eða svokölluð jöfn ávinnsla. Munurinn á þessum tveim aðferðum, jafnri ávinnslu og aldurstengdri, er einkum sá að jöfn ávinnsla gefur alltaf sömu réttindi fyrir sama iðgjald, óháð aldri sjóðfélagsins við greiðslu, en aldurstenging gefur meiri réttindi á fyrri hluta ævinnar, eða allt fram að fjörutíu ára aldri, en minni réttindi eftir að þeim aldri er náð. Aldurstenging er meginregla og verður algild í framtíðinni. Núverandi sjóðfélögum er þó heimilt að greiða áfram í jafna ávinnslu, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Sjóðfélögum var nýlega sent bréf þar sem ofangreint er útskýrt á ítarlegri hátt. Þar kemur fram að sjóðurinn mun velja þá réttindaávinnslu sem talin er gefa meiri réttindi fyrir hvern og einn. Sjóðfélagar þurfa að tilkynna sjóðnum skriflega, taki þeir ákvörðun um að velja aðra réttindaávinnslu en sjóðurinn velur. Á heimasíðu sjóðsins, [www.lifvest.is](http://www.lifvest.is), er að finna reiknivél

sem getur auðveldað sjóðfélögum að taka ákvörðun, telji þeir val sjóðsins álitamál. Fjöldi annarra lífeyrissjóða hefur tekið upp samskonar kerfi á árinu. Nýlega var gengið frá samkomulagi við þessa sjóði um gagnkvæma viðurkenningu á iðgjaldagreiðslum við ákvörðun réttar til jafnrar ávinnslu réttinda. Því munu margir sjóðfélagar, áður en langt um líður, fá upplýsingar um endurskoðun á rétti sínum í ljósi greiðslusögu hjá öðrum lífeyrissjóðum. Sjóðfélagar eru hvattir til að kynna sér efni slíkra bréfa-sendinga vel. Einnig er bent á skrifstofu sjóðsins sem veitir frekari aðstoð í síma 431-1577.

## Listi stjórnar og trúnaðarráðs sjálfkjörinn til næstu tveggja ára

Kjörstjórn Verkalýðsfélags Akraness auglýsti eftir listum til stjórnarkjörs í félaginu 13. október í Póstinum og einnig á heimasíðu félagsins. Einn listi barst kjörstjórn fyrir tilskilinn tíma sem var 5. nóvember og telst hann því sjálfkjörinn samkvæmt 29. grein laga félagsins. Stjórn Verkalýðsfélags Akraness til næstu tveggja ára er þannig skipaður:

### Aðalstjórn

Formaður: Vilhjálmur Birgisson  
 Varaformaður: Auður Ásgeirsdóttir  
 Ritari: Bryndís Ó. Guðjónsdóttir  
 Vararitari: Guðmundur Rúnar Davíðsson  
 Meðstjórnandi: Þórarinn Helgason  
 Varamedstjórnandi: Svavar S. Guðmundsson

### Formenn deilda

Stóriðjudeild: Tómas Rúnar Andrésson  
 Almenn deild: Elí Halldórsson  
 Opinber deild: Sigríður Sigurðardóttir  
 Matvæladeild: Guðrún Linda Helgadóttir  
 Lönsveinadeild: Sigurður Guðjónsson  
 Sjómannadeild: Hjörtur Júlíusson

### Varaformenn deilda

Stóriðjudeild: Jón Jónsson  
 Almenn deild: Magnús Andrésson  
 Opinber deild: Guðrún Guðbjartsdóttir  
 Matvæladeild: Alma M. Jóhannsdóttir  
 Lönsveinadeild: Þórólfur Guðmundsson  
 Sjómannadeild: Júlíus P. Ingólfsson



## Vefur VLFA vinsæll

### Virkur upplýsingamiðill sem höfðar til félagsmanna

Vel þykir hafa tekist til með vefsíðu félagsins en hún fær að jafnaði á annað hundrað heimsóknir daglega. Fjölmiðlar fylgjast grant með vef VLFA og hefur verið vísað til hans í fréttum fjöllum, m.a. um réttindi erlendra starfsmanna. Vefurinn birtir fréttir af samningaviðræðum og öðrum viðfangsefnum stjórnar og ýmissa nefnda á vegum félagsins og eru upplýsingar uppfærðar um leið og staðan breytist. Hægt er að senda inn fyrirspurnir á vefnum og er þeim svarað greiðlega á netfang spyrjenda. Á vefnum er að finna allar þær upplýsingar sem félagsmenn þurfa á að halda.

[www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)

## Varaformaður matvælasviðs sambandsins

Vilhjálmur Birgisson formaður Verkalýðsfélags Akraness var kjörinn varaformaður matvælasviðs Starfsgreinasambands Íslands á ársfundi sambandsins sem haldinn var á Akureyri 6. og 7. október. Formaður matvælasviðs var kjörinn Aðalsteinn Baldursson.

*Óskum félagsmönnum  
Verkalýðsfélags Akraness  
gleðilegra jóla og farsæls nýs árs*

**smellinn**  
FORSTEYPT EININGAHÚS  
frá Þorgeiri & Helga

**ISS** ÍSLAND

**ÍSTAK**

**NA** NORÐURÁL  
Century ALUMINUM

**GÁMA**

nordanfiskur

STARFSMAUNAFÉLAG AKRANESS  
*St.Ak.*

**LF** LAUGAFISKUR HF

Faxaflóahafnir sf  
Associated  
Icelandic  
Ports

**TÖLVUÞJÓNUSTAN**

**BLIKKSMÍÐJA  
GUÐMUNDAR J.  
HALLGRÍMSSONAR ehf.**

**GLUGGA- OG  
GLERHÖLLIN**

**HÍBÝLAMÁLUN  
GARÐARS JÓNSSONAR EHF**  
Símar: 431 2646 • 431 4056 • 896 2356

**GT** GT Tækni ehf.  
Grundartanga – 301 Akranesi

**HB GRANDI**

ÍSLANDBANKI



## Skrifstofa félagsins

Skrifstofa Verkalýðsfélag Akraness er að Sunnubraut 13. Hún er opin alla virka daga frá kl. 09:00–16:00. Utan afgreiðslutíma félagsins er hægt að ná í formann félagsins, Vilhjálmm Birgisson, í síma 865-1294.

## Þjónusta við félagsmenn

Skrifstofa félagsins annast alla þjónustu fyrir félagsmenn, svo sem aðstoð vegna kaup og kjaramála, upplýsingar um réttindi vegna veikinda og slysa, útleigu orlofsbúða og orlofshúsa. Til skrifstofunnar geta félagsmenn leitað eftir upplýsingum og annarri aðstoð. Fundaraðstaða er að Sunnubraut 13 en allir stærri fundir eru haldnir í húsnæði félagsins að Kirkjubraut 40.

## Félagsgjöld

Skrifstofa félagsins annast innheimtu á félagsgjöldum og skyldum gjöldum. Félagsgjald er 1% af launum og skila launagreiðendur því ásamt sjúkrasjóðs-, orlofssjóðs- og starfsmenntasjóðsgjöldum til félagsins.

## Starfsmenn skrifstofu

Vilhjálmur Birgisson, formaður  
vilhjalmur@vlfa.is  
Hugrún Olga Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri - hugrun@vlfa.is  
Auður Finnbogadóttir, starfsmaður  
audur@vlfa.is

# Vetrarleiga orlofshúsa 2005–2006

Þeir bústaðir sem eru leigðir út í vetur eru í Húsafelli, Svinadal, Hraunborgum, Ölfusborgum og í Stykkishólmi. Helgin kostar kr. 7.500 fyrir félagsmenn (fram að áramótum) og er þá miðað við þrjár nætur, þ.e. frá föstudegi til mánudags, nema í Stykkishólmi, þar þarf að skila lyklinum á sunnudeginum. Einungis er um helgarleigu að ræða í Stykkishólmi en í hinum bústöðunum í eigu félagsins er hægt að fá allt frá einum degi og upp í heila viku leigða, allt eftir þörfum hvers og eins, fram að næstu sumarvertíð. Tekið er við pöntunum á skrifstofu

félagsins í alla bústaðina nema í Ölfusborgum. Gert er ráð fyrir að leigutakar gangi frá leigusamningi og greiði leigugjaldið í síðasta lagi þremur dögum fyrir brottför. Lyklar eru afhentir á skrifstofu félagsins, nema í Stykkishólmi, þeir eru afhentir hjá umsjónarmanni í Stykkishólmi gegn framvísun leigusamnings.

Þeir sem vilja fá bústað í Ölfusborgum panta hann hjá Afgreiðslu Ölfusborga í síma 483-4260 og fá nánari upplýsingar þar um fyrirkomulag greiðslu og afhendingu lykla.



## NÁMSKEIÐ

### Viðhald og endurbætur eldri timburhúsa

#### Innihald:

Á námskeiðinu er fjallað um undirstöður og burðavirki eldri timburhúsa. Farið yfir frágang bæði utan- og innanhúss. Farið í hvernig best skal standa að endurbótum eldri timburhúsa. Skoðuð eru eldri hús sem hafa verið endurbyggð. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Húsafríðunarnefnd ríkisins.

#### Tími:

Föstudagur 3. febrúar kl. 15.00–19.00  
Laugardagur 4. febrúar kl. 09.00–16.00

#### Staður:

Sunnubraut 13, Akranesi

#### Leiðbeinendur:

Magnús Skúlason, arkitekt hjá Húsafríðunarnefnd  
Jón Nordsteien, arkitekt  
Einar S. Hjartarson, húsasmíðameistari

#### Námskeiðsgjald:

5.000 kr. fyrir félagsmenn  
20.000 kr. fyrir utanfélagsmenn

#### Skráning:

Verkalýðsfélag Akraness sími: 430-9900

Netfang: skrifstofa@vlfa.is

## Óskum félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness gleðilegra jóla og farsæls nýs árs

BJARMAR EHF Kalmansvöllum 3 S: 431-3700

VIGNIR G. JÓNSSON HF Smiðjuvöllum 4 S: 431-5000

MODEL Stillholti 18 S: 431-3333

JÓN Þ. HALLSSON Smiðjuvöllum 7 S: 430-2400

VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA AKRANESS Stillholti 23 S: 431-3099

PENNINN Kirkjubraut 54 S: 431-1855

HARÐARBAKARÍ Kirkjubraut 54 S: 431-2399

TRÉSM. ÞRÁINS E. GÍSLASS. Hafnarbraut 8 S: 430-3660

SMURSTÖÐ AKRANESS Smiðjuvöllum 2 S: 431-2445

OLÍUFÉLAGIÐ EHF ESSO Breiðargötu 1 S: 431-1394

BIFREIÐASTÖÐ ÞÞÞ Dalbraut 6 S: 431-1500

VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS Stillholti 16-18 S: 560-5075

# Gleðileg jól

© 2014 LANDSBANKINN. ALL RIGHTS RESERVED. LANDSBANKINN



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [landsbanki.is](http://landsbanki.is)